



# SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA 2015

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.  
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2015

Nóvember 2016

Útgefandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

Sími: 545 9700

Netfang: [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)

Veffang: [www.anr.is](http://www.anr.is)

Ábyrgð: Hanna Dóra Hólm Másdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir

© 2016 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	5
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta .....	7
2. kafli Fjárframlög til samninga .....	9
3. kafli Samráðsvettvangar landshluta .....	11
4. kafli Áhersluverkefni landshluta .....	13
5. kafli Uppbyggingarsjóðir landshluta .....	16
Lokaorð.....	26

## MYNDIR

Mynd 1. Fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta .....	7
Mynd 2. Samskiptaás ríkis og sveitarfélaga.....	8

## TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlunarsamninga .....	9
Tafla 2. Skipting fjárframlaga.....	10
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum .....	11
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta .....	13
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki .....	17
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa .....	17
Tafla 7. Vísendingar um kyngreind áhrif starfa á verkefnatíma.....	18
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja.....	19

## VIÐAUKAR

Viðauki 1 Landshlutaskipting sóknaráætlana .....	27
Viðauki 2 Merki sóknaráætlana landshluta.....	28



## INNANGUR

Árið 2015 markaði kaflaskil í sögu sóknaráætlana landshluta. Tvennt kemur til. Annars vegar undirritun fimm ára samninga um sóknaráætlanir í öllum landshlutum og hins vegar samþykkt Alþingis á lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta.

Þann 10. febrúar 2015 undirrituðu ráðherra sjávarútvegs, landbúnaðar og byggðamála og ráðherra mennta- og menningarmála samninga við öll landshlutasamtök sveitarfélaga um sóknaráætlanir fyrir árin 2015-2019. Samningarnir byggja í grunninn á eldri sóknaráætlunarsamningum en þó gætir þar ýmissa mikilvægra nýjunga. Helst ber að nefna fimm ára gildistíma samninganna og stofnun uppbyggingarsjóða í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Áður höfðu samningarnir verið gerðir til eins árs í senn og með uppbyggingarsjóðum eru vaxtarsamningar og menningarsamningar sameinaðir undir hatti sóknaráætlana.

Með lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga það hlutverk að vinna sóknaráætlanir hverju á sínu starfssvæði og að bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaáætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Í júní lágu fyrir sóknaráætlanir í öllum átta landshlutunum til ársins 2019. Sóknaráætlanirnar fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir og voru þær unnar í víðtæku samráði heimamanna. Þannig skipaði samtals 231 einstaklingur samráðsvettvanga í sjö landshlutum. Áhersluverkefni og verkefni styrkt af uppbyggingarsjóðum taka mið af áherslum sóknaráætlunar í hverjum landshluta.

Grunnframlög ríkisins til samninganna á árinu voru 550,7 milljónir króna. Að auki runnu 33,6 milljónir inn í samninga við þrjá landshluta í sérstökum viðaukum. Framlög ríkisins koma annars vegar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (357,5 milljónir) og hins vegar mennta- og menningarmálaráðuneytinu (193,2 milljónir). Framlag sveitarfélaga, utan höfuðborgarsvæðisins, var 79,1 milljón, önnur framlög voru 28,8 milljónir og óráðstafað fé frá eldri samningum og vaxtatekjur voru samtals um 105 milljónir. Heildarráðstöfunartekjur samninganna átta voru þannig tæplega 797 milljónir.

Við skiptingu fjármuna milli landshluta er notað reiknilíkan þar sem tekið er tillit til íbúafjölda, atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysis, íbúabróunar, útsvars og fjarlægðar frá Reykjavík. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta, en þar er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður og fjármagnið sem rennur til höfuðborgarsvæðisins er því talsvert lægra.

Á þessu fyrsta starfsári uppbyggingarsjóðanna, sem eru samkeppnissjóðir, bárust sjóðunum sjö samtals 1.120 umsóknir. Heildarupphæð umsókna var rúmlega 1,6 milljarður. Alls voru 606 verkefni styrkt, að upphæð 457 milljónir. Samkvæmt úthlutunarreglum er mótframlag styrkþega að lágmarki sama upphæð og veittur styrkur. Þannig má áætla að um 1 milljarður hafi runnið til verkefna uppbyggingarsjóða á árinu. Áhersluverkefni á landinu öllu voru 39 talsins og heildarframlag úr sóknaráætlunum til þeirra voru tæpar 222 milljónir, að ótöldu vinnuframlagi heimamanna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál, sem stendur að þessari greinargerð til ráðherra, er skipaður sérfræðingum úr öllum ráðuneytum og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áheyrnarfulltrúar eru frá landshlutasamtökum sveitarfélaga og Bygðastofnun.

Hlutverk stýrihópsins er að auka og efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við

sveitarstjórnarstigið í málaflokknum. Samkvæmt erindisbréfi vinnur stýrihópurinn út frá þeirri skilgreiningu að

byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, svo sem búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.<sup>1</sup>

Stýrihópurinn vinnur að því að fá ráðuneytin til að starfa betur saman og koma fram sem ein heild í byggðamálum. Einn þáttur í samstarfinu snýr að því að samhæfa stefnur ráðuneyta er snerta byggðamál og vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum. Stefnt er að því að núverandi sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaaætlunar og að haldið verði áfram þeirri vinnu að fella viðfangsefni og samninga undir sóknaráætlanir. Jafnframt er mikilvægt að hver landshluti vinni að því að samþætta í auknum mæli sínar sóknaráætlanir við aðrar áætlanir landshlutans, svo sem svæðisskipulagsvinnu.

Til að tryggja samhæfingu ráðuneyta í byggðamálum fól ríkisstjórnin stýrihópnum í maí sl. að móta skýrar verklagsreglur um umboð og starfshætti stýrihópsins í málum er snerta byggðamál svo sem við undirbúning fjármála-stefnu og fjármálaáætlana á sviði einstakra ráðuneyta og annarrar opinberrar stefnumótunar. Mikilvægt er að fulltrúar stýrihópsins hafi umboð síns ráðuneytis til að koma að ákvarðanatöku um aðgerðir sem ætla má að hafi áhrif á byggðaðróun og upplýsi stjórnendur ráðuneyta ef talið er að fyrirhugaðar aðgerðir samræmist ekki stefnu stjórnvalda í byggðamálum.

Í þessari fyrstu greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál til ráðherra er greint frá aðdraganda og hugmyndafræðinni á bak við sóknaráætlanir, gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til samninganna og framkvæmd sóknaráætlana árið 2015, komið inn á hlutverk og samsetningu samráðsvettvanga landshluta og áhersluverkefnum og uppbyggingarsjóðum landshluta gerð skil.

Upplýsingar í greinargerðinni byggja að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins sem samkvæmt samningum er skilað í febrúar ár hvert. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

#### STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL ÁRIÐ 2015

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Björn Helgi Barkarson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Elvar Knútur Valsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Héðinn Unnsteinsson, forsætisráðuneyti

Karitas Halldóra Gunnarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Karl Björnsson, Samband íslenskra sveitarfélaga

Sigurður Guðmundsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti

Stefanía Traustadóttir, innanríkisráðuneyti

Unnur Orradóttir Ramette, utanríkisráðuneyti

Þór Garðar Þórarinsson, velferðarráðuneyti

Þórarinn V. Sólmundarson, mennta- og menningarmálaráðuneyti


Verkefnisstjóri stýrihópsins er Hólmfríður Sveinsdóttir, Byggðastofnun. Þá eiga Byggðastofnun og samtök landshlutasamtaka sveitarfélaga áheyrnarfulltrúa á fundum stýrihópsins.

<sup>1</sup> Þessa skilgreiningu á byggðamálum er einnig að finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016.

## 1. KAFLI SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

Forsögu sóknaráætla landshluta má rekja til ársins 2011 þegar byrjað var að þróa hugmyndafræðina innan Stjórnarráðsins. Vorið 2012 var stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál skipaður (undir heitinu stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir) og verkefnisstjóri ráðinn. Þá um haustið hófu allir landshlutar vinnu við gerð fyrstu sóknaráætla og skipuðu samráðsvettvanga sem tóku þátt í þeirri vinnu. Í byrjun árs 2013 lágu sóknaráætlanir fyrir, sem og áhersluverkefni hvers landshluta og voru samningar um fjármögnun þeirra undirritaðir af fjármálaráðherra og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Sóknaráætlanir landshluta eru nýsköpun í íslenskri stjórnsýslu og tilrauna-verkefni sem hefur þróast í nánun samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Segja má að verklagið hafi fest sig í sessi árið 2015 þegar gerðir voru fimm ára samningar við landshlutasamtök sveitarfélaga og Alþingi samþykkti lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Leiðarljósið hefur frá ávallt verið það sama, það er að efla og styrkja landshlutana og færa heimamönnum aukin völd og aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna, enda þekkja þeir gleggst til aðstæðna. Mynd 1, hér að neðan, er ætlað að sýna fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta.



**MYND 1. FYRIRKOMULAG SÓKNARÁÆTLUNAR Í HVERJUM LANDSHLUTA.**

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Forgangsröðun verkefna í hverjum landshluta byggir á sóknaráætlun hans. Þannig er fjármunum sem varið er til verkefna á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála ráðstafað af heimamönnum samkvæmt áherslum sem mótaðar hafa verið af breiðum hópi þeirra. Sóknaráætlunum er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni hvers landshluta sem og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Samkvæmt gildandi samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til uppbyggingarsjóða og hins vegar til áhersluverkefna. Hver landshluti ákveður skiptinguna, en þó skal að lágmarki setja 55% framlags ríkisins til uppbyggingarsjóða. Þá er landshlutunum heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun hvers landshluta. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af kostnaði verkefna. Sérstök úthlutunarnefnd fer fyrir hverjum sjóði, skipuð heimamönnum. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Ekki er gerð krafa um móttframlag. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður heldur kveður samningur þeirra einungis á um áhersluverkefni.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggt á mikilli samvinnu þeirra sem að koma. Mynd 2 hér að neðan sýnir samskiptaás ríkis og sveitarfélaga í tengslum við sóknaráætlanir landshluta.



**MYND 2. SAMSKIPTAÁS RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA.**

Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga, sem saman mynda miðjuna í samskiptaásnum hér að ofan. Samvinna ráðuneyta fer fram í gegnum stýrihópinn og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga.

Frá vori 2014 heyrir ábyrgð á sóknaráætlunum landshluta til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.



## 2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting sóknaráætlanafrármuna milli landshluta fer eftir gagnsæjum viðmiðum sem stýrihópurinn gerði tillögu um og staðfest voru af ríkisstjórn. Viðmiðin eru: Íbúaföldi, íbúabróun, atvinnuleysi, vinnusóknarsvæði, útsvar og fjarlægð frá Reykjavík.

Fjárframlög til sóknaráætlunarsamninganna átta árið 2015 voru tæpar 797 milljónir. Þar af eru 100 milljónir sem áður hafði verið úthlutað til landshlutanna en ekki verið ráðstafað fyrr en á árinu 2015. Tafla 1 sýnir heildarframlög til sóknaráætlanasamninga árið 2015.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁÆTLUNARSAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Samtals
Framlög ríkisins	61.924.996	81.590.726	61.918.902	95.377.917	71.567.737	90.586.254	68.383.484	19.349.000	<b>550.699.016</b>
Aðrir fjárlagaliðir (viðaukar)				6.400.000	23.600.000	3.600.000			<b>33.600.000</b>
Framlög sveitarfélaga	11.644.500	7.910.000	7.419.000	10.600.000	25.700.000	8.395.000	7.419.000		<b>79.087.500</b>
Önnur framlög		1.000.000		18.000.000	8.300.000	1.500.000			<b>28.800.000</b>
Flutt frá fyrra ári	13.451.580	26.350.000	5.450.000	24.600.000		15.950.000	1.600.000	13.034.000	<b>100.435.580</b>
Vaxtatekjur	28.502	1.756.467	1.224.461	510.724	72.742	546.738	232.281		<b>4.371.915</b>
Heildarupphæð	87.049.578	118.607.193	76.012.363	155.488.641	129.240.479	120.577.992	77.634.765	32.383.000	<b>796.994.011</b>
Ráðstafað á árinu	77.025.855	117.260.000	75.450.000	154.977.917	129.100.000	106.775.000	77.402.484	32.500.000	<b>770.491.256</b>
Afgangur ársins 2015	10.023.723	1.347.193	562.363	510.724	140.479	13.802.992	232.281	-117.000	<b>26.502.755</b>

Efst í töflu 1 sést hvernig framlög ríkisins skiptast samkvæmt reiknireglu eftir landshlutum. Norðurland eystra fær hæst framlag og höfuðborgarsvæðið lægst framlag. Til viðbótar við upphæðina sem skiptist eftir reiknireglunni lagði ríkið 33,6 milljónir til þriggja landshluta með viðaukasamningum. Þeir fjármunir eru tengdir jarðfræði- og menningarsetrum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Þá eru heildarfjárframlög sveitarfélaga rúmlega 79 milljónir og er uppruna þeirra að finna í gömlu menningarsamningunum.

Heimilt er að semja um framlög annarra að samningunum og var það gert í fjórum landshlutum, að upphæð samtals 28,8 milljónir. Á Vestfjörðum lagði Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða til eina milljón til áhersluverkefnis. Á Norðurlandi eystra er um að ræða mótframlög úr atvinnulífinu, samtals 18 milljónir, sem renna til þriggja áhersluverkefna. Á Austurlandi lagði Atvinnuþróunarsjóður Austurlands (sem er í eigu sveitarfélaganna) til 8,3 milljónir til áhersluverkefnis. Á Suðurlandi er um að ræða fjárframlag frá Rarik, sem gerði samkomulag við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga um stuðning við menningarstarf á Suðurlandi. Samkomulagið nær til tveggja ára (2015 og 2016) og greiðir Rarik 1,5 milljónir hvort ár. Fjármunirnir koma til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Um 100 milljónum var óráðstafað úr eldri samningum í lok árs 2014 og fluttust þeir fjármunir yfir á árið 2015. Þessum fjármunum hafði verið úthlutað til landshlutanna í gegnum eldri sóknaráætlunar-, menningar- og vaxtarsamninga. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráætlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtakanna og skulu vaxtatekjur fjármunanna tilheyra samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Misræmis gætir í því hvernig landshlutasamtökin halda utan um vaxtatekjur samningsins, sem bæta þarf úr. Samkvæmt upplýsingum frá landshlutasamtökunum voru vaxtatekjur samtals tæplega 4,4 milljónir.

Neðstu tvær línurnar í töflu 1 sýna annars vegar hversu hárrí upphæð landshlutasamtökin ráðstöfuðu á árinu og hins vegar hversu hárrí upphæð var óráðstafað og fluttist yfir á árið 2016. Samtals var 760,9 milljónum ráðstafað en 26,5 milljónir fluttust á milli ára. Af þeirri upphæð sem óráðstafað var eiga Suðurland og Vesturland samtals tæplega 24 milljónir. Ánægjulegt er að upphæð óráðstafaðs fjármagns er umtalsvert lægri í lok árs 2015 en var í lok árs 2014.

Hver landshluti getur ákvarðað að mestu hvernig fjármunum til sóknaráætlana er varið. Ríkið setur skilyrði um að minnst 55% grunnframlags hvers árs renni til

uppbyggingarsjóða og tiltekið hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áhersluverkefna. Í töflu 2 hér að neðan má sjá hvernig fjármuninum er skipt í hverjum landshluta.

TAFLA 2. SKIPTING FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Áhersluverkefni	21.570.855	23.710.000	10.000.000	55.352.917	29.700.000	23.775.000	25.252.484	32.500.000	<b>221.861.256</b>
Uppbyggingarsjóður	40.075.000	68.750.000	51.650.000	72.225.000	48.000.000	70.400.000	36.150.000	-	<b>387.250.000</b>
Stofn- og rekstrarstyrkir	8.380.000	16.800.000	13.800.000	12.000.000	10.000.000		9.000.000	-	<b>69.980.000</b>
Menningarmiðst. (viðaukar)				6.400.000	34.400.000	3.600.000			<b>44.400.000</b>
Umsýsla	7.000.000	8.000.000		9.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	-	<b>47.000.000</b>
<b>Samtals</b>	<b>77.025.855</b>	<b>117.260.000</b>	<b>75.450.000</b>	<b>154.977.917</b>	<b>129.100.000</b>	<b>106.775.000</b>	<b>77.402.484</b>	<b>32.500.000</b>	<b>770.491.256</b>

Tafla 2 sýnir hvernig landshlutarnir skiptu fjármuninum sem voru til ráðstöfunar á árinu. Af heildarupphæðinni sem ráðstafað var, rúmlega 770 milljónum, runnu 222 milljónir til áhersluverkefna og 387 milljónir til uppbyggingarsjóða. Flestir landshlutar setja sérstök framlög til stofn- og rekstrarverkefna, samtals um 70 milljónir.

Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þau skilgreini slík verkefni sérstaklega, en þau eiga rætur að rekja til gömlu menningarsamninganna og verkefni því öll menningartengd. Samningarnir við Norðurland eystra, Austurland og Suðurland fela í sér viðauka að upphæð samtals 33,6 milljónir. Þetta eru framlög sem áður runnu til tiltekinnar menningarmiðstöðva í hverjum landshluta.

Í öllum tilfellum hafa landshlutasamtökin ákveðið að fjármunirnir renni áfram til þeirra. Til viðbótar við framlög ríkisins setja sveitarfélög á Austurlandi 10,8 milljónir til menningarmiðstöðvanna, sem er króna á móti krónu. Samtals eru því framlög til þessara menningarmiðstöðva í landshlutunum þremur 44,4 milljónir. Samkvæmt samningunum er hámark sett á umsýslu, á bilinu 7 til 9 milljónir eftir heildarupphæð hvers samnings. Allir landshlutarnir, nema Norðurland vestra, nýttu hámarksupphæðirnar. Samtals var 47 milljónum varið í umsýslu af sóknaráætlunarfrármagni ársins 2015. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

### 3. KAFLI SAMRÁÐSVETTANGAR LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skulu unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvangana og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Þau skilgreina hlutverk og verkefni síns samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar. Í samningunum er kveðið á um að samráðsvettvangur skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar. Í töflu 3 hér að neðan má sjá upplýsingar fulltrúa samráðsvettvanganna.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTÖNGUM

Bakgrunnur fulltrúa	Norðurland Norðurland							Samtals
	Vesturland	Vestfirðir	vestra	eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	
Atvinnulífið	5	9	9	7	4	9	7	<b>50</b>
Fræðasamfélag	2	3	2	9	5	7	6	<b>34</b>
Opinberar stofnanir	1	6	8	6	4	2	3	<b>30</b>
Kjörnir fulltrúar	12	24	13	16	4	16	8	<b>93</b>
Félagasamtök							2	<b>2</b>
Menningarmál	2	3		2	4	6		<b>17</b>
Annað				1	4			<b>5</b>
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>45</b>	<b>32</b>	<b>41</b>	<b>25</b>	<b>40</b>	<b>26</b>	<b>231</b>

Aldur fulltrúa	Norðurland Norðurland							Samtals	Hlutfall
	Vesturland	Vestfirðir	vestra	eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes		
< 25 ára				7		2		<b>9</b>	3,9%
25-39 ára	4	22	7	10	7	15	7	<b>72</b>	31,2%
40-60 ára	15	20	22	20	11	15	13	<b>116</b>	50,2%
> 60 ára	3	3	3	4	7	8	6	<b>34</b>	14,7%
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>45</b>	<b>32</b>	<b>41</b>	<b>25</b>	<b>40</b>	<b>26</b>	<b>231</b>	<b>100%</b>

Kyn fulltrúa	Norðurland Norðurland							Samtals
	Vesturland	Vestfirðir	vestra	eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	
Karlar	11	19	19	23	12	20	10	<b>114</b>
Konur	11	26	13	18	13	20	16	<b>117</b>
% hlutfall kvk	50%	58%	41%	44%	52%	50%	62%	<b>50,8%</b>
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>45</b>	<b>32</b>	<b>41</b>	<b>25</b>	<b>40</b>	<b>26</b>	<b>231</b>

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í samráðsvettöngum. Samtals skipaði 231 fulltrúi samráðsvettvangana sjö. Ekki náðist að koma samráðsvettvangi höfuðborgarsvæðisins saman á árinu 2015 og er hann því ekki talinn með í töflunum.

Efsti hluti töflunnar sýnir fulltrúana flokkaða eftir atvinnu þeirra. Kjörnir fulltrúar, það er aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum, eru alls 93 eða um 40%. Atvinnulífið á 41 fulltrúa, 29 fulltrúar koma frá opinberum stofnunum og fræðasamfélagið á 28 fulltrúa. Þessar upplýsingar gefa aðeins vísbendingar um bakgrunn fulltrúanna en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir gætu flokkast undir fleiri en einn hatt, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar. Aðeins á Vesturlandi eru kjörnir fulltrúar í meirihluta, en 12 manna stjórn SSV á sæti í samráðsvettvangnum.

Þegar litið er á aldersdreifinguna er athyglisvert að sjá hve fáir koma úr yngsta aldersflokknnum, aðeins níu fulltrúar eða innan við 4%. Sjö þeirra eru á Norðurlandi eystra og tveir á Suðurlandi. Í hinum landshlutunum er enginn fulltrúi yngri en 25 ára. Ríflega helmingur allra fulltrúa kemur úr aldurshópnum

40-60 ára, eða 116 manns. Um 31% fulltrúa er á aldrinum 25-39 ára og 15% fulltrúa er eldri en 60 ára.

Kynjaskiptingin er nokkuð jöfn eins og vera ber. 114 karlar (49,4%) og 117 konur (50,6%). Allir landshlutar nema Suðurnes ná 40% viðmiðunarmarki jafnréttisлага<sup>2</sup>, en þar er hlutfall karla 38%.

Til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í töflu 3 þá gerðu landshluta-samtökin grein fyrir búsetu fulltrúanna, greint niður á sveitarfélög. Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sínum samráðsvettvangi. Á Vesturlandi eru fulltrúarnir á bilinu 1-5 frá hverju sveitarfélagi, á Vestfjörðum á bilinu 1-7, á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra 1-13, á Austurlandi 2-5, á Suðurlandi 2-4 og á Suðurnesjum 2-12 frá hverju sveitarfélagi.

Í öllum landhlutum, fyrir utan höfuðborgarsvæðið, komu samráðsvettvangar með virkum hætti að gerð sóknaráætlunar og vali áhersluverkefna. Hver landshluti hafði sinn háttinn á varðandi verklag. Tveir landshlutar, Vestfirðir og Suðurland, skipuðu sérstakt framkvæmdaráð/verkefnisstjórn fyrir sínar sóknaráætlanir og að minnsta kosti í fimm landshlutum gafst almenningi færi á að koma að mótun sóknaráætlunar í gegnum opna fundi og/eða með rafrænum hætti. Þá fóru að minnsta kosti þrír landshlutar þá leið að leita til utanaðkomandi ráðgjafa við gerð sóknaráætlunar.

---

<sup>2</sup> Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 var kynjakvóti leiddur í lög á Íslandi. Í 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

## 4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2015 var unnið að samtals 39 áhersluverkefnum á landinu öllu. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar hvers landshluta og áherslna samráðsvettvanga. Verkefni geta náð til lengri eða skemmri tíma, en skal vera lokið fyrir árslok 2019, þegar gildistími samninganna rennur út. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga, enda á þeirra ábyrgð, og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Flest voru áhersluverkefni á Suðurnesjum, níu talsins, og fæst voru þau á Norðurlandi vestra, eitt verkefni. Tvö af verkefnum 39 eru verkefni sem ekki hafði náðst að ljúka við í tengslum við sóknaráætlunarsamninga ársins 2013.

Samtals vörðu landshlutarnir átta tæpum 222 milljónum til áhersluverkefna, þar af komu 29,5 milljónir sem mótframlag heimamanna á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi til samtals sex verkefna. Hér er ótalið vinnuframlag heimamanna til verkefnanna Lægstu framlög til einstakra verkefna nema einni milljón og hæsta framlagið eru 15 milljónir. Meðaltalið er 5,7 milljónir. Í töflu 4 eru upplýsingar um verkefni 39.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Vesturland - 21.570.855 til 6 verkefna					
Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Fjölgun iðnema á Vesturlandi	4.000		Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Að fjölga iðnenum á Vesturlandi og tryggja þannig fjölgun iðnaðarmanna í landshlutanum.	Fjölgun iðnema á Vesturlandi.
Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu á Vesturlandi	4.000		Háskólinn á Bifröst	Byggja upp námskeið og styttri námsleiðir fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu sem boðið verður uppá frá hausti 2016.	Námskeið og styttri námsleiðir fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu.
Menningarstefna	2.000		Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Að móta menningarstefnu Vesturlands sem verði grundvöllur samstarfs um menningarmál og leiðarljós við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði. Að stefnan nýttist sveitarfélögum sem leiðarljós við gerð eigin menningarstefnu.	Menningarstefna Vesturlands.
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	4.000		Vesturlandsstofa (Markaðsstofa Vesturlands)	Að móta stefnu fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi til næstu ára og markaðssetja Vesturland fyrir ferðamenn með skýrari hætti en áður.	Stefna Vesturlands í ferðaþjónustu og markaðsaðgerðir sem farið verður í árið 2016 til að fjölga ferðamönnum á Vesturlandi.
Nýsköpun og frumkvöðlar	4.000		Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - atvinnuráðgjöf	Að efla nýsköpun í atvinnulífi á Vesturlandi og skapa frumkvöðlum hvetjandi umhverfi.	Betri umgjörð og aukin starfsemi Fab-lab á Akranesi. Frumkvöðlasetur á Akranesi og Snæfellsnesi. Starfræktar verði frumkvöðlasmiðjur innan framhalds- og grunnskóla á Vesturlandi.
Starf menningarfulltrúa	3.571		Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Styðja við menningarstarf á Vesturlandi.	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa.
<b>Samtals</b>	<b>21.571</b>				
Vestfirðir - 22.710.000 til 5 verkefna (mótframlag 1.000.000)					
Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum	4.000		Fjórðungssamband Vestfirðinga	Kortleggja tækifæri í kjölfar samgöngu- og fjarskiptaumbóta	Stefnumörkun til langs tíma, rammi fyrir gerð svæðis-skipulags
Inwestfjords	5.000	1.000	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Unnið að fjölda nýrra fjárfestingaverkefna á árinu 2015	3 ný verkefni komin af stað í árslok
Bein markaðssetning	5.000		Fjórðungssamband Vestfirðinga, markaðsdeild	Markaðsaðgerðir fyrir ferðaþjónustu	Þátttaka í sýningum, móttaka blaðamanna, auglýsingar og kynningar.
Framlög sveitarfélaga til menningarmála	7.910		Fjórðungssamband Vestfirðinga	Að viðhalda þeirri eindreginni stefnu sveitarfélaga að menning sé áherslumál innan atvinnu- og byggðáþróunar á Vestfjörðum.	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa.
Eftirstöðvar eldra verkefnis	800		Háskólasetur Vestfjarða		
<b>Samtals</b>	<b>22.710</b>	<b>1.000</b>			

**Norðurland vestra - 10.000.000 til 1 verkefnis**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Markaðsátak fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki	10.000		SSNV	Að styrkja starfsemi frumkvöðla og sprotafyrirtækja	Viðhorfskönnun þátttakenda í námskeiðslok og árangursmat ári eftir námskeiðið.
<b>Samtals</b>	<b>10.000</b>				

**Norðurland eystra - 37.353.000 til 6 verkefna (mótframlag 18.000.000)**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Norðurland - Hlið inn í landið	15.000	15.000	Markaðsstofa Norðurlands - Flugklasinn Air 66N	Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Fjöla erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma. Bæta dreifingu ferðamanna um landið. Auka lífsgæði íbúa á Norðurlandi.	Viljayfirlýsing um reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	10.600		Eyþing	Starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf og framfylgi stefnu Sóknaráætlunar á sviði menningar.	Fullt starf menningarfulltrúa.
Skapandi skólastarf	3.500		Háskólinn á Akureyri	Að vinna framkvæmdaáætlun í skapandi skólastarfi og undirbúa tilraunarverkefni.	Framkvæmdaáætlun.
Birding Iceland	3.253	1.000	Markaðsstofa Norðurlands	Þróa og kynna fuglaskoðun á Norðurlandi og gera Norðurland að eftirsóknarverðum áfangastað fuglaskoðara.	Framkvæmdaáætlun fyrir fuglastig. Fuglaskoðunarskýli hönnuð. Kynningarefni, vefsíða og þátttaka í fuglasýningum erlendis.
Grunngerð og mannaður í menningarstarfi II	3.000		Menningarfulltrúi Eyþings	Heildstæður aðgengilegur gagnagunnur um grunngerð og mannað í menningu.	Aðgengileg leitartöl fyrir gagnagrunnin.
Matartengd ferðaþjónusta	2.000	2.000	Markaðsstofa Norðurlands	Að byggja upp matartengda ferðaþjónustu. Markaðssetja matarmenningu Norðlendinga. Að gera vörur og matartengda ferðaþjónustu sýnilega.	Local Food Festival.
<b>Samtals</b>	<b>37.353</b>	<b>18.000</b>			

**Austurland - 19.200.000 til 2 verkefna (mótframlag 10.500.000)**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Menningarstarf á Austurlandi	12.200	2.200	Austurbrú, sveitarfélög og menningarmiðstöðvar	Markmið verkefnisins er að standa vörð um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut.	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa. Skilgreindum verkefnum á Djúpvaggi og Vopnafirði lokið. Skilgreindum verkefnum menningarmiðstöðva lokið.
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	7.000	8.300	Austurbrú	Opna aðra gátt fyrir millilandaflug inn í landið á Egilsstaðaflugvelli. Stefnt verði að fyrstu flugferðum EGS-LON-EGS sumarið 2016.	Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll.
<b>Samtals</b>	<b>19.200</b>	<b>10.500</b>			

**Suðurland - 23.775.000 til 6 verkefna**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Verkefnastjóri menntaverkefna	6.925		Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	Vinna að framgangi menntaverkefna skv. verkefnisáætlun sem lögð var fram í tengslum við Sóknaráætlun 2014, sem flest miðuðu að því að hækka menntunarstig í landshlutanum.	Niðurstöður úr könnunum á viðhorfi foreldra og barna til framhaldsmenntunar barna að loknum grunnskóla.
Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu	6.500		Fræðslunet Suðurlands	Hækka menntunarstig á miðsvæðinu.	Menntunarstig á svæðinu og aðsóknartölur í nám sem stundað er hjá Fræðslunetinu eða í aðstöðu til fjárnáms í námsverum á svæðinu.
Menntalestin 2015	1.000		Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	Kynna framboð háskólanáms fyrir nemendum elstu bekkja grunnskólanna og nemendum framhaldsskólanna.	Að hækka menntunarstig á Suðurlandi.
Svæðisskipulag Suðurlands	4.350		Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	Að vinna að svæðisskipulagi fyrir Suðurland. Í fyrsta áfanga er unnið að sameiginlegri verkefnisáætlun sveitarfélaganna um afmörkun og umfang þessa verkefnis.	Áfurd vinnunnar á árinu 2015 er að kalla fram og móta sameiginlega sýn sveitarfélaga á verkefnið og gera áætlun fyrir verkefnið til næstu ára Tillaga til aðalfundar SASS.
Markaðsgreining Suðurlands	2.500		Markaðsstofa Suðurlands	Að vinna að markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Suðurland.	Greining sem nýtist m.a. við markaðssetningu og kynningu á landshlutanum eða svæðum innan hans gagnvart ferðamönnum.
Kirkjubæjarstofa	2.500		Kirkjubæjarstofa	Að vinna að starfsemi menningarmála og samfélagsþróunar innan Kirkjubæjarstofu og við þróun þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.	Að starfssemi Kirkjubæjarstofu haldi áfram og dragi fram önnur verkefni sem efla fjölbreytni í atvinnumálum, mannlífi og menningu á svæðinu.
<b>Samtals</b>	<b>23.775</b>				

**Suðurnes - 25.252.484 til 9 verkefna**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Tengsl atvinnulífs og skóla	3.000		Pekkingarsetur Suðurnesja, Hakkit stafræn smíðja	Kynna störf á svæðinu og þá nýsköpun sem á sér stað fyrir nemendum og almenningi. Greina atvinnulíf á svæðinu. Að auka þekkingu nemenda á framtíðarstörfum á Suðurnesjum.	Skýrsla um atvinnulíf á Suðurnesjum, starfakynning og skapandi smíðja í fullri notkun.
Kynning atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurnesjum	6.000		N:H ráðgjöf, Markaðsstofa Reykjanes	Tengja fyrirtæki af öllum stærðum saman og fá einstaklinga og fyrirtæki til að fjárfesta á Suðurnesjum.	Kynningarefni um fjárfestingartækifæri á Suðurnesjum.
Samstarf ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum	3.000		Markaðsstofa Reykjanes	Tengja ferðaþjónustuaðila á Suðurnesjum með bætt samstarfsumhverfi að markmiði, fjölgja gistinguótum og auka arðsemi greinarinnar.	Samantekt á samstarfsverkefnum, samstarfsaðilum og uppbyggingu áningarstaða.
Jákvæð sjálfsmynd	5.406		Markaðsstofa Reykjanes	Auka stolt og þekkingu Suðurnesjamanna á svæði með samstarfi sveitarfélaga á svæðinu.	Námsefni um Suðurnes / kynningarefni um Suðurnes fyrir íbúa.
Minnka brottfall úr námi	1.000		Pekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum.	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum.
Þjónusta og þekking í ferðaþjónustunni	2.000		Reykjanes Geopark, Keilir	Fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í ferðaþjónustu og hvetja fyrirtæki til að nýta sér þá fræðslu og menntun sem býðst fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu.	
Upplýsingaveita og aukid menningarsamstarf	2.000		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Koma upp sameiginlegu viðburðadagatali fyrir Suðurnes með aukinn sýnileika menningarlífs að markmiði og styrkja þannig ímynd svæðisins. Auka samstarf á sviði menningarmála.	Sameiginlegt viðburðadagatal og skýrsla um samstarf í menningarmálum.
Menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu	1.000		Pekkingarsetur Suðurnesja	Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.	Samantekt á niðurstöðum greininga á atvinnulífi á Suðurnesjum og framboði námskeiða og námsleiða.
Eftirstöðvar eldra verkefnis	1.846		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum		
<b>Samtals</b>	<b>25.252</b>				

**Höfuðborgarsvæðið - 32.500.000 til 4 verkefna**

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð
	Sóknaráætlun	Mótframlag			
Borgarlína	13.000		Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Endanleg skilgreining á legu borgarlínu, mótun grunnskjal vegna ákvörðunar um fyrirkomuleg fjárfestingar og reksturs.	Samþykkt lega borgarlínunnar í skipulagi. Verkefnið tilbúið á næsta stig með aðkomu fjárfesta / væntanlegra rekstraraðila.
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	9.000		Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Að safna, greina og setja fram aðgengilegar upplýsingar um mannfjölda, skipulag, samgöngur og atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu.	Öflugur tölfræðigrunnur um höfuðborgarsvæðið aðgengilegur á heimasíðu SSH.
Sameiginleg markaðssetning	8.000		Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Mótun formlegs samráðsvettvangs lykilaðila til sameiginlegrar markaðssetningar hb.svæðisins gagnvart erl. fjárfestum og uppsetning sameiginlegrar vefsíðu höfuðborgarsvæðisins með lífandi, gagnvirkri framsetningu.	Skilgreindur, virkur samráðsvettvangur allra lykilaðila, fullmótuð útgáfa vefsíðunnar investinreykjavik.com, lífandi tenging gagna og tenging við vefsíður annarra aðila sem sinna sama verkefni.
Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg	2.500		Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Að bæta þjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við háskólastarfsemi og efla þannig samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborgar.	Samstilling aðgerða sveitarfélaga til úrbóta á þáttum sem snúa að þeim við eflingu höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborgar.
<b>Samtals</b>	<b>32.500</b>				

## 5. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐIR LANDSHLUTA

Með nýjum samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingarsjóðir settir á laggirnar í öllum landshlutum, utan höfuðborgarsvæðisins. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við markmið hverrar sóknaráætlunar. Með stofnun sjóðanna voru menningarsamningar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og vaxtarsamningar á vegum þáverandi iðnaðarráðuneytis aflagðir, en fjármagnið sem runnið hafði til þeirra færðist yfir í sóknaráætlanir landshluta.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir, með hliðsjón af leiðbeinandi viðmiðum frá stýrihópnum, auk þess sem landshlutasamtökin höfðu samráð sín á milli við gerð verklagsreglna og umsóknareyðublaða. Stýrihópurinn staðfestir verklagsreglur, samkvæmt sóknaráætlunarsamningum.

Landshlutasamtökin skipa uppbyggingarsjóðunum hvert sína úthlutunarnefnd. Hlutverk nefndanna er að velja þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefni falla að sóknaráætlun landshlutans. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Heimilt er að starfrækja fagråd í einstökum málaflokkum.

Lágmark 55% af grunnframlagi frá ríkinu skal renna í uppbyggingarsjóði á hverju ári og styrkir sjóðurinn að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis.

Fyrirkomulag við úthlutun var með ýmsu móti, enda landshlutunum í sjálfsvald sett hvernig þeir haga verklaginu. Fjöldi nefndarmanna í úthlutunarnefndum var á bilinu þrjú til níu. Fæstir voru á Austurlandi, þrjú. Þar störfuðu tvö fagråd og sátu formenn fagrådanna jafnframt í úthlutunarnefndinni. Á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Suðurlandi voru fimm manna úthlutunarnefndir og í öllum þeim landshlutum störfuðu tvö fagråd, nema á Vesturlandi þar sem eitt fagråd menningar starfaði. Suðurnes og Vestfirðir hafa þá sérstöðu að þar störfuðu ekki sérstök fagråd en úthlutunarnefndinar voru fjölmennari, sjö manna nefnd á Suðurnesjum og níu manna nefnd á Vestfjörðum.

Í öllum landshlutum er góð umsýsla með úthlutunum úr sjóðunum. Eftir að formleg úthlutun styrkloforða hefur farið fram er undirritaður samningur milli uppbyggingarsjóðs og styrkþega. Í samningnum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkurinn er lægri en óskað var eftir. Kveðið er á um greiðslur og fer það fer eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttáð.

Starfsfólk uppbyggingarsjóða eru í samskiptum við styrkþega um framgang verkefna. Ef umsækjandi sér fram á að geta ekki unnið verkefnið eins og það er sett fram í umsókn þarf að sækja um breytingu á verkefninu og er þá metið hvort breytingin samræmist reglum sjóðsins og þeim forsendum sem verkefnið var metið á. Minniháttar breytingar eru þó að jafnaði samþykktar af starfsmanni. Ef um mikla breytingu er að ræða getur styrkvilyrði lækkað eða það fellt niður, líkt og kveðið er á um í samningi milli styrkþega og uppbyggingarsjóðs.

Starfsmenn yfirfara áfanga- og lokaskýrslur frá styrkþegum. Með lokaskýrslu skulu styrkþegar skila inn afriti af reikningum fyrir útlögðum kostnaði eða gera grein fyrir útlögðum kostnaði með sannanlegum hætti. Á sumum svæðum er óskað eftir að dagleg vinnutímaskráning fylgi lokaskýrslu. Þegar verkefnisstjóri hefur samþykkt skýrsluna og meðfylgjandi gögn fer lokagreiðsla fram.

Kynjajafnræði ríkir í öllum úthlutunarnefndum og fagrådum, fyrir utan fagråd menningarmála á Vesturlandi þar sem sátu þrjár konur en enginn karl. Úthlutanir voru vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin uppá aðstoð við umsækjendur, meðal annars með viðtals tímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu og í mörgum tilvikum var blásið til



sérstakra úthlutunarhátíða. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
<b>Umsóknir</b>								
Fjöldi umsókna	157	120	109	181	147	307	99	<b>1.120</b>
Heildarfjárhæð sem sótt er um	211.213.382	239.829.295	188.358.114	285.261.120	224.882.264	272.350.099	220.193.848	<b>1.642.088.122</b>
<b>Veittir styrkir</b>								
Fjöldi styrkja	90	57	83	97	85	159	35	<b>606</b>
Heildarupphæð styrkja	48.455.000	85.550.000	65.450.000	84.225.000	58.000.000	70.400.000	45.150.000	<b>457.230.000</b>
Fjöldi verkefna undir 500 þús.	56	12	48	42	33	88	6	<b>285</b>
Fjöldi verkefna milli 500 þús-2,5 m.kr.	34	43	29	47	50	71	28	<b>302</b>
Fjöldi verkefna hærr en 2,5 m.kr.	0	2	6	7	2	0	1	<b>18</b>
Fjöldi lokinna verkefna	34	15	38	50	46	79	14	<b>276</b>
Fjöldi verkefna í vinnslu	43	33	32	32	35	76	17	<b>268</b>
Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin	13	7	12	2	3	1	4	<b>42</b>
Fjöldi verkefna sem hætt var við	0	2	1	13	1	3	0	<b>20</b>
Árangurshlutfall umsókna	57,3%	47,5%	76,1%	53,6%	57,8%	51,8%	35,4%	<b>54,1%</b>

Tafla 5 sýnir að samtals bárust 1.120 umsóknir til uppbyggingarsjóðanna sjö og fjöldi styrkja var alls 606, sem er 54% árangurshlutfall. Flestar umsóknir, sem og flestir styrkir, voru á Suðurlandi eða 307 umsóknir og 159 styrkir. Á Suðurnesjum voru færstar umsóknir, 99 talsins, og fæstir styrkir, 35 talsins. Að meðaltali bárust 160 umsóknir og veittir styrkir voru að meðaltali 87 talsins. Athygli vekur að Suðurnesjamenn sækja að meðaltali um talsvert hærr styrki en Sunnlendingar, eða 2,2 milljónir á móti 890 þúsunda meðaltali Sunnlendinga. Norðurland vestra sker sig úr hvað árangurshlutfall umsókna varðar, en þar er það 76% og lægst á Suðurnesjum, 35%.

Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur rúmlega 1,6 milljarði en veittir voru styrkir að upphæð samtals 457,2<sup>3</sup> milljónir. Uppbyggingarsjóðurinn á Suðurlandi var stærstur, með rúmlega 70 milljónir en sjóðurinn á Suðurnesjum minnstur, með rúmlega 45 milljónir. Sjóðirnir styrkja að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefna og því er mótframlag styrkþega að lágmarki jafnhá upphæð og styrkir sjóðsins.

Í töflu 5 eru styrkirnir greindir niður á þrjá upphæðaflokka. Samtals voru 285 styrkir lægri en 500 þúsund, eða 47% allra styrkja. Hlutfallslega flestir lágir styrkir voru veittir á Vesturlandi, eða 62%. Styrkir á bilinu 500 þúsund til 2,5 milljónir voru samtals 302, eða 50% allra styrkja. Alls voru 18 styrkir hærr en 2,5 milljónir eða 3% allra styrkja og þar skera Norðurland vestra og Norðurland eystra sig frá hinum landshlutunum, með samtals 13 styrki.

Tafla 5 sýnir einnig stöðu verkefnanna sem úthlutað var til á árinu við árslok. Af 606 verkefnum var 276 þeirra lokið (46%), 268 verkefni voru enn í vinnslu (44%), 42 verkefni voru ekki komin í gang (7%) og hætt hafði verið við 20 verkefni (4%).

TAFLA 6. KYN UMSÆKJENDA / STYRKHAFA

	Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Austurland		Suðurland		Suðurnes		Heild	Karlar	Konur
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK			
<b>Umsóknir</b>																	
Fjöldi umsókna	67	90	69	51	48	61	80	101	80	67	160	147	53	46	1120	557	563
Fjöldi umsókna (%)	43%	57%	57%	43%	44%	56%	44%	56%	54%	46%	52%	48%	54%	46%	100%	49%	51%
Meðalupphæð umsókna	1.826.069	987.409	1.980.831	2.022.587	2.143.356	1.401.263	1.781.295	1.413.448	1.744.308	1.146.830	1.386.780	1.376.156	2.243.484	2.201.938	1.689.697	2.184.354	1.758.272
<b>Veittir styrkir</b>																	
Fjöldi umsókna	34	56	28	29	36	47	44	53	43	42	77	82	18	17	606	280	326
Fjöldi styrkja (%)	38%	62%	49%	51%	43%	57%	45%	55%	51%	49%	48%	52%	51%	49%	100%	46%	54%
Meðalupphæð styrkja	631.029	482.143	1.036.071	1.068.621	850.103	763.109	899.318	842.547	547.674	820.238	467.208	419.817	1.279.250	1.301.382	814.894	951.776	949.643

Í töflu 6 má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda er á heildina

<sup>3</sup> Misræmi er í töflu 5 og töflu 2. Í töflu 2 kemur fram að uppbyggingarsjóðirnir hafi samtals haft 387 milljónir til ráðstöfunar, en í töflu 5 kemur fram að ráðstafað var 457 milljónum. Skýringin á þessum mismun liggur í því að í nokkrum landshlutum var hluta eða allri upphæð sem merktar voru stofn- og rekstrarstyrkjum úthlutað í gegnum uppbyggingarsjóðina.

litið nánast jafnt. 563 umsóknir þar sem konur eru í forsvari og 557 umsóknir þar sem karlar eru í forsvari. Ef litið er á kynjahlutfall styrkjæga þá eru konur í forsvari fyrir 54% verkefna og karlar í 46% tilvika. Ef 40% viðmiðið er notað eru allir landshlutar innan þess, bæði hvað varðar umsóknir og styrki, nema á Vesturlandi þar sem hallar á karla þegar kemur að styrkveitingum. Athygli vekur að á Vestfjörðum eru umsóknir þar sem kona er í forsvari 43% en þegar kemur að styrkveitingum eru konur í forsvari fyrir 51% allra styrkja.

Tafla 6 sýnir jafnframt að karlar sækja að meðaltali um hærri styrki en konur og munar þar tæplega 430 þúsundum. Hins vegar, þegar kemur að styrkveitingu, þá er munurinn nánast enginn.

TAFLA 7. VÍSBENDINGAR UM KYNGREIND ÁHRIF STARFA Á VERKEFNATÍMA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
<b>Umsóknir</b>						
Fjöldi umsókna	16	63	131	40	17	267
Fjöldi umsókna (%)	6%	24%	49%	15%	6%	100%
Meðalfjárhæð umsókna	1.325.182	2.383.960	1.651.077	1.987.587	1.182.050	1.705.971
<b>Veittir styrkir</b>						
Fjöldi styrkja	5	29	77	21	10	142
Fjöldi styrkja (%)	4%	20%	54%	15%	7%	100%
Meðalfjárhæð styrkja	1.100.000	995.238	832.577	1.180.000	689.000	959.363

Í töflu 7 má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum. Í umsóknum árið 2015 voru umsækjendur ekki beðnir um að tilgreina slíkar upplýsingar og lágu þær því í fæstum tilvikum fyrir. Engu að síður gerðu tveir landshlutar, Vestfirðir og Austurland, tilraun til setja þessar upplýsingar fram og byggir tafla 7 á þeim. Þessar upplýsingar gefa vísbendingu um að sótt er um fleiri verkefni sem skapa karlastörf en kvennastörf, eða 30% á móti 21%. En þegar kemur að styrkveitingum þá standa kynin nokkuð jafnt, eða 24% styrkja skapa fleiri karlastörf en kvennastörf og 22% styrkja skapa fleiri kvennastörf en karlastörf. Flest störfin sem skapast henta þó jafnt báðum kynjum.

Forsögu þessarar greiningar má rekja til verkefnisins kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sem þáverandi fjármálaráðuneytið fór af stað með í samvinnu við öll ráðuneyti árið 2011. Þá fór þáverandi iðnaðarráðuneyti af stað með verkefni sem grundvallaðist á því að greina úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins út frá kyni og koma með tillögur að endurbótum um hvernig bæta megi upplýsingar og úthlutun til að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að úrræðum stoðkerfis atvinnulífsins.

Niðurstaðan var sú að meðaltal skiptingar styrkja milli kynja er 81% karlar og 19% konur og gildir það jafnt um fjölda umsókna og útteildra styrkja/lána.<sup>4</sup> Ástæður þessa kynjahalla eru eflaust margar og er mikilvægt fyrir stjórnvöld að greina þær og ráða bót á þeim atriðum sem þau ráða við. Við úrvinnslu gagna úr umsóknar- og úthlutunarferlum á að vera auðvelt að afla kyngreindra upplýsinga. Ráðuneytið mælti því fyrir um að í umsóknarferlum allra þeirra sjóða verði þessar upplýsingar tilgreindar.

Upplýsingar um kyn verkefnisstjóra og kynjahlutfall í fyrirtæki veita aðeins takmarkaðar upplýsingar um kynbundin áhrif verkefna. Til að betur sé hægt að gera sér grein fyrir framtíðaráhrifum verkefna er óskað eftir svörum um kynjaáhrif verkefna bæði innan fyrirtækis/stofnunar og í samfélaginu hljóti umsækjandi styrk. Tölfræði um rekstur og afkomu fyrirtækja á Íslandi er yfirleitt ekki kyngreind, þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ákvæði um að öll tölfræði skuli vera kyngreind.

<sup>4</sup> <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/utgafur/utgefud-efni-sjavarutvegs-og-landbunadarmala/styrkjauthlutanir-arin-2009-2013-sem-aetlad-er-ad-stydja-vid-atvinnulif-og-nyskopun-greindar-efir-kyni>

Afar mikilvægt er að bæta úr skorti á kyngreindri hagrænni tölfræði þannig að hægt verði að vinna eftir þeirri hugmyndafræði að samþætta jafnréttissjónarmið inn í alla stefnumótun og ákvarðanatökur á vegum opinberra aðila. Ávinningur af skráningu kyngreindra hagtala er augljós, ekki síst við stefnumótun stjórnvalda í atvinnumálum.

TAFLA 8. ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Alls
<b>Umsóknir</b>		
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	9	32.054.000
B - Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu		
C - Framleiðsla	45	115.151.176
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	2	5.488.000
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	1	5.007.000
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	8	27.592.498
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	3	18.646.960
H - Flutningur og geymsla		
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur	14	38.683.558
J - Upplýsingar og fjarskipti	36	60.695.871
K - Fjármála- og váttryggingastarfsemi		
L - Fasteignaviðskipti		
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	60	178.016.505
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	13	27.902.170
O - Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar		
P - Fræðslustarfsemi	46	73.602.762
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	5	15.917.700
R - Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	520	653.377.270
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	41	82.586.650
T - Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota	3	6.542.041
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt	7	7.780.000
<b>Samtals</b>	<b>813</b>	<b>1.349.044.161</b>
Hér vantar 307 umsóknir frá Suðurlandi	307	272.350.099
		1.621.394.260
<b>Veittir styrkir</b>		
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	4	6.700.000
B - Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu		
C - Framleiðsla	21	31.009.840
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur		
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	1	2.000.000
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3	3.000.000
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum		
H - Flutningur og geymsla		
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur	2	1.250.000
J - Upplýsingar og fjarskipti	14	10.530.000
K - Fjármála- og váttryggingastarfsemi		
L - Fasteignaviðskipti		
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	32	53.858.000
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	8	14.890.000
O - Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar		
P - Fræðslustarfsemi	16	12.050.000
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1	1.000.000
R - Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	318	197.505.148
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	15	16.450.001
T - Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota	3	3.337.000
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt	9	6.250.000
<b>Samtals</b>	<b>447</b>	<b>359.829.989</b>
Hér vantar 159 styrki frá Suðurlandi	159	70.400.000
		430.229.989

Tafla 8 sýnir verkefni flokkuð niður á atvinnugreinar út frá atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008<sup>5</sup>. Þess ber að geta að landshlutasamtökin voru ekki beðin um þessar upplýsingar fyrr en undir lok árs 2015 og í umsóknarferlinu voru umsækjendur ekki beðnir um að greina atvinnugreinaflokkun. Það verður því að gera ráð fyrir skekkjum en greinargerð

<sup>5</sup> Flokkunin byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, gildir í öllum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins innanlands og milli þjóða. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá.

fyrir árið 2016 mun veita betri upplýsingar um hvernig verkefni skiptast niður á atvinnugreinar. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að bera saman landshluta og einnig til að gera samanburð við aðrar þjóðir. Upplýsingar um atvinnugreinaflokkun vantar frá Suðurlandi og því ber tölum í töflu 5 og töflu 8 ekki saman.

Það sem vekur helst athygli í töflu 8 er fjöldi verkefna, bæði umsókna og styrkja, sem flokkast sem „menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi“. Undir þann atvinnugreinaflokk falla meðal annars skapandi listir og afþreying, starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi. Ekki liggur fyrir fullnægjandi sundurliðun á verkefnunum fyrir árið 2015, en ætla má að mörg verkefni tengd ferðapjónustu séu í þessum flokki. Af samtals 813 umsóknum flokkast 520 sem menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi eða 64% allra umsókna. Styrkirnir sem falla undir þennan flokk eru 318 eða 71% allra styrkja. Árangurshlutfall þessara verkefna er hátt eða 64%.

## DÆMI UM VERKEFNI UPPBYGGINGARSJÓÐA

Eins og fram hefur komið hlutu alls 606 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á árinu 2015. Í árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga voru samtökin beðin um að gera stuttlega grein fyrir þremur til fimm verkefnum sem fengu styrk á árinu. Hér að neðan má sjá upplýsingar um alls 28 verkefni sem eru afar fjölbreytt og áhugaverð.

### VESTURLAND

- **Færanleg eldsmiðja - fræðsluverkefni**

Styrkur kr. 600.000.

Umsækjandi: Íslenskir eldsmiðir.

Markmið verkefnanna, sem eru tvö, er að viðhalda hinni fornu iðn eldsmíði sem þróast hefur sem listhandverk. Fyrri verkefnið er smíði færanlegrar eldsmiðju, sem verður nýtt í seinna verkefninu en það er námskeiðahald víða um landið.

- **The Freezer: Menningarferðapjónusta allt árið**

Styrkur kr. 1.000.000.

Umsækjandi: The Freezer ehf.

Stuðningur við rekstur menningarmiðstöðvarinnar Frystiklefans í Rífi með það að markmiði að halda úti virkri menningarþjónustu fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn allt árið um kring.

- **Sporðskurðarvél**

Styrkur kr. 1.500.000.

Umsækjandi: Unnsteinn Guðmundsson.

Styrkur til að markaðsetja sporðskurðarvél á Íslandi. Sporðskurður eykur gæði vélflökunar og roðdráttar á fiski. Ávinningurinn er betri nýting og aukin afköst.

- **Tokens of Iceland**

Styrkur kr. 1.000.000.

Umsækjandi: Kristý ehf.

Hönnun hálsmena og umbúða utan um þau, ásamt markaðssetningu. Hálsmenin, umbúðirnar og kynningarefnið er með tilvísun í íslenska náttúru; eldgos, hraun, jökla og norðurljós.

## VESTFIRÐIR

- **Stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu**

Styrkur kr. 2.500.000.

Umsækjandi: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu fyrir 2016-2020 í samstarfi Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Íslandsstofu. Samráð við sveitarfélög, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Ferðamálastofu Íslands og fleiri.

- **Markaðssetning Pedal Projects**

Styrkur kr. 1.300.000.

Umsækjandi: Pedal Project.

Pedal Projects hefur verið starfandi á Flateyri frá 2011 og framleiðir svokallaða gítarfetla (guitar pedal/guitar effect). Gítarfetill er lítið tæki sem hefur það hlutverk að bæta, auka eða breyta hljómi gítara. Fyrirtækið hyggur á markaðssetningu, útrás, uppbyggingu og fjölgun starfsmanna.

- **Steinshús. Opnun safns, skálda- og fræðimannaseturs til minningar um Stein Steinarr**

Styrkur kr. 500.000.

Umsækjandi: Steinshús ses.

Steinshús á Nauteyri við Djúp er nýtt vestfirskt menningarsetur og afþreyingarfyrirtæki með tilvísun í listasögu og menningararf svæðisins. Þar er fræðimannaíbúð, kaffihús og minningarsýning um skáldið Stein Steinarr, hlutverk hans og þátt í íslensku þjóðlífi og hans harmrænu sögu. Steinshús var opnað í ágúst 2015.

- **Nýsköpunarhelgi Grunnskóla Vestfjarða**

Styrkur kr. 1.500.000.

Umsækjandi: Hafdís Gunnarsdóttir.

Haldnar voru nýsköpunarhelgar fyrir grunnskólanema á Vestfjörðum með vinnusmiðjum á Ísafirði og Patreksfirði. Markmið verkefnisins er að efla þekkingu, hugmyndaauðgi og hugsjónir barna í 8.-10. bekk varðandi frumkvöðlastarf sem byggir á nýsköpun og gefa þeim innsýn í heim uppfinninga, verkferla og tæknilegar lausnir.

- **Steampunk Iceland – ævintýrahátíð 2015**

Styrkur kr. 500.000.

Umsækjandi: Bíldalía ævintýraland.

Áhugafélag um gerð ævintýralandsins Bíldalíu á Vestfjörðum stendur fyrir gufupönkhátíð í heila viku á Bíldudal. Markmiðið er að skapa ímynd fyrir sunnanverða Vestfirði sem ævintýraland sköpunar og skemmtunar og að hátíðin verði árviss viðburður. Ævintýralandið Bíldalía kemur fram í bókum og á vefnum sem konungsríkið Bíldalía.

## NORÐURLAND VESTRA

- **Þróun og markaðssetning á þorskprótein fæðubótarefnum**

Styrkur kr. 3.000.000.

Umsækjandi: Iceprotein ehf.

Verkefnið gengur út á að þróa 3 vörutegundir fæðubótarefna undir sömu vörulínunni og markaðsetja á Íslandi þar sem undirstaðan er þurrkað vatnsrofið þorskprótein. Heilsuáhrif, sterkur vísindalegur bakgrunnur og náttúrulegur uppruni próteinanna verða aðalsmerki vörunnar í allri markaðssetningu á komandi árum.

- **Floating Fender Chair**

Styrkur kr. 3.950.000.

Umsækjandi: Einar Daníel Karlsson.

Markmið verkefnisins er að þróa hönnunurvöru fyrir innlandan og erlendan markað. Um er að ræða vörulínu sem samanstendur af stólum; barstól, hægindastól og hengistól. Stólarnir byggja á þeirri hugmynd að nýta uppblásin gúmmífríholt "fender" sem þjóna þeim tilgangi að vera stuðpúðar milli skips og bryggju en setja í nýskapandi samhengi sem efnivið í stóla.

- **Connections: Cultural Development and Education Network Program**

Styrkur kr. 500.000.

Umsækjandi: Nes listamiðstöð ehf.

Verkefnið er samstarf Nes listamiðstöðvar á Skagaströnd, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Sólon, áhugamannafélags um myndlist í Skagafirði. Á hverju ári koma 80-90 menntaðir erlendir listamenn til dvalar í Nes listamiðstöð, einn eða fleiri mánuði í senn. Markmiðið er að nýta þann þekkingarbrunn sem þar er til staðar með vinnustofum, sýningum, gestakennurum við Listabraut FNV, heimsóknnum á Opin hús o.fl.

- **Norðanpaunk 2015**

Styrkur kr. 250.000.

Umsækjandi: Árni Þorlákur Guðnason, fyrir hönd félags áhugamanna um íslenska jaðartónlist.

Tónlistarhátíð sem fram fór um verslunarmannahelgina 2015. Markmið Norðanpaunks er að vera vettvangur fyrir skapandi og tilraunakennda tónlist og draga erlendar hljómsveitir og blaðamenn til Húnaþings vestra. Fram komu fyrst og fremst íslenskar hljómsveitir sem spila pönk eða aðra framúrstefnulega tónlist sem alla jafna fær ekki að láta ljós sitt skína í útvarpi eða á hefðbundnum tónlistarviðburðum.

## NORÐURLAND EYSTRÁ

- **Fjölnýting jarðvarma við ræktun þörunga og hagnýting lífefna þeirra**

Styrkur kr. 4.000.000.

Umsækjandi: MýSköpun ehf.

Verkefnið snýst um þróun framleiðsluferla til ræktunar og hagnýtingar þörunga og annarra örvera sem einangraðar eru úr Mývatni. Horft er til fjölnýtingar jarðhita, annars vegar sem varmagjafa og hins vegar til nýtingar á jarðgösnum við ræktunina.

- **Sumardagskrá Verksmiðjunnar á Hjalteyri**

Styrkur kr. 1.500.000.

Umsækjandi: Verksmiðjan á Hjalteyri.

Listamiðstöðin í gömlu síldarverksmiðjunni á Hjalteyri stendur fyrir lifandi menningarstarfsemi. Verksmiðjan hefur þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn, vinnustofa þar sem listin verður til og áhugaverður sýningarstaður.

- **Reitir 2015**

Styrkur kr. 900.000.

Umsækjandi: Arnar Ómarsson.

Reitir eiga sér stað á Siglufirði á hverju sumri og eru 12 daga tilraunakennd nálgun við hina hefðbundnu listasmiðju. Aðferðafræðin byggir á þverfaglegu samstarfi skipandi fagmanna. Listamenn, forritarar, heimspekingar, eðlisfræðingar, dansarar, teiknarar, stærðfræðingar, hönnuðir, smiðir og arkitektar eru meðal þeirra sem komið hafa að Reitum. Lögð er áhersla á svæðisbundið samstarf þar sem viðfangsefnið er Siglufjörður.

#### AUSTURLAND

- **Áfangastaðurinn Austurland (Destination East Iceland)**

Styrkur kr. 2.300.000.

Umsækjandi: Ferðamálasamtök Austurlands.

Verkefnið miðar að því að styrkja aðdráttarafl og samkeppnishæfni Austurlands með áherslu á velferð samfélags og íbúa. Stefnt er að því að landshlutinn verði áfangastaður í hæsta gæðaflokki og skari fram úr hvað atvinnu- og búsetuskilyrði varðar.

- **Rúllandi snjóbolti/6, Djúpivogur**

Styrkur kr. 1.000.000.

Umsækjandi: Rúllandi snjóbolti.

Tvíþætt verkefni sem er afsprengi samvinnu Djúpavogshrepps og kínverskevrópskrar listamiðstöðvar. Annars vegar listasýning sem sett var upp í fyrrverandi bræðsluhúsnæði á Djúpavogi þar sem sýnd voru verk 26 samtímalistamanna m.a. frá Kína, Hollandi og Íslandi. Hins vegar nokkurra vikna listamannadvöl tveggja listamanna frá Kína og Íslandi.

- **Ylströnd við Urriðavatn**

Styrkur kr. 900.000.

Umsækjandi: Ylströndin ehf.

Ylströndin mun auka fjölbreytileika Austurlands og styrkja ferðaþjónustu. Unnin var rekstrar-, kostnaðar- og verkáætlun. Keypt var þjónusta af graffískum hönnuðum, arkitektum og vöruhönnuðum og kynningarefni útbúið fyrir fjárfesta.

- **Fræðsluverkefni Skaftfells 2015**

Styrkur kr. 600.000.

Umsækjandi: Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi.

Skynjunarstofa um liti og form. Myndlistarkona þróaði farandlistasmiðju og kenndi 5.-7. bekk. Smiðjan stóð grunnskólum á Austurlandi til boða þeim að kostnaðarlausu og tóku allir skólarnir þátt. Veitt var innsýn í myndlist og kynntar aðferðir til að rannsaka eiginleika lita og forma.

## SUÐURLAND

- **Ný tónlist í Skálholti**

Styrkur kr. 250.000.

Umsækjandi: Unnur María Sigurðardóttir.

Tónleikar í Skálholtskirkju þar sem frumflutt var ný íslensk tónlist fyrir kór, hörpu og slagverk. Flytjendur voru Skálholtskórinn, Kammerkór Suðurlands og Duo Harpverk.

- **Málþing um barnabókmenntir og læsi**

Styrkur kr. 550.000.

Umsækjandi: Bókabæirnir austanfjalls.

Yfirskrift málþingsins var „Af hverju þarf ég að lesa?“. Markmiðið var að auka hróður barnabóka og vekja athygli á mikilvægi þeirra í eflingu læsis.

- **Þróun fjárvogar til vigtunar og flokkunar á sauðfé**

Styrkur kr. 500.000.

Umsækjandi: Eyjablökk ehf.

Þróun og hönnun fjárvogar, með tengingu við gagnagrunninn Fjárvis, sem dregur verulega úr mannaflaþörf við vigtun, flokkun og almenna umhirðu á sauðfé. Markmið er að gera skráningar vegna vigtunar og flokkunar á sauðfé sjálfvirkt með tengingu við gagnagrunninn.

## SUÐURNES

- **Ferskir vindar**

Styrkur kr. 3.000.000.

Umsækjandi: Ferskir vindar, Mireya Samper.

Alþjóðleg listahátíð með þátttöku 50 listamanna af 20 þjóðernum. Listafólkið dvaldi og starfaði í Garðinum í fimm vikur. Markmiðið var að vekja athygli á Suðurnesjum, efla menningu og listir og laða að ferðamenn, innlenda jafnt sem erlenda.

- **Vöruþróun og markaðssetning GeoSilica**

Styrkur kr. 2.000.000.

Umsækjandi: GeoSilica Iceland ehf.

Vöruþróun, framleiðsla og markaðssetning á heilsuvörum unnum úr kísilríku skiljuvatni jarðvarmavirkjana. Markmiðið er að framleiða kísil- og steinefnaríkt vatn / fæðubótarefni.

- **Þaraleður. Aukið virði þara með hátækni og hönnun**

Styrkur kr. 2.000.000.

Umsækjandi: Embla productions ehf.

Þróun umhverfisvænna aðferða til að breyta þara þannig að hægt verði að nota hann á sama hátt og leður og sútað roð. Þaraleður er nýtt hráefni fyrir textíliðnaðinn með mikla sérstöðu.



- **Mekano fjöltengi**

Styrkur kr. 2.000.000.

Umsækjandi: Mekano ehf.

Verkefnið gengur út á að endurhanna, endurbæta og þróa nýja útgáfu af rafmagnsfjöltengi. Þetta nýja fjöltengi er samsett úr fjölbreyttum einingum sem smellt er saman til að mynda heildarfjöltengi.

- **Future Fictions vinnustofa**

Styrkur kr. 1.000.000.

Umsækjandi: OH, Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

Alþjóðleg vinnustofa rithöfunda, listamanna, hönnuða, verkfræðinga og vísindamanna. Ásbrúarsvæðið verður svið fyrir áleitnar spurningar um framtíðarsýn, tækifæri og þarfir. Vinnustofan samanstendur af fyrirlestrum, pallborðum og skapandi vinnuferlum þar sem skáldskapur og nýsköpun liggja til grundvallar.

## LOKAORÐ

Sóknaráætlanir landshluta hafa frá upphafi verið lærdómsríkt verkefni fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Verið er að innleiða opna stjórnsýslu þar sem stjórnsýslustigin tvö eru í virku samtali sem nær út í samfélögin sjálf og leiðir til betri niðurstöðu fyrir landið í heild.


Með góðu samstarfi hefur stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtökum sveitarfélaga tekist að þróa verkefnið áfram. Árangurinn sést meðal annars í auknu samstarfi innan Stjórnarráðsins á sviði byggðamála og auknu samstarfi innan og á milli landshluta.

Árið 2015 markaði tímamót í þróun sóknaráætlana. Það ár var ferlið lögfest, sóknaráætlanir tengdar við byggðáætlun og gerðir voru samningar milli ríkisins og landshlutasamtaka til fimm ára. Heildarframlög til samninganna á árinu voru tæpar 800 milljónir. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutann og styðja við markmið sóknaráætlunar hans. Landshlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og aukna fjármuni í gegnum sóknaráætlunarfarveginn.

Á síðastliðnum árum hefur heildarfjármagn til sóknaráætlana verið aukið, enda er það markmið stjórnvalda, Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga að sú þróun haldi áfram eins og kveðið er á um í samningunum. Byggðamál snerta málaflokka í öllum ráðuneytum með einum eða öðrum hætti. Eitt af hlutverkum stýrihópsins er að efla samstarf ráðuneyta og vinna að því að þau komi fram sem ein heild í byggðamálum. Einn þáttur í slíku samstarfi snýr að því að samhæfa stefnur og áætlanir ríkisins er snerta byggðamál. Samstarf ráðuneytanna í gegnum stýrihópinn, virk aðkoma Sambands íslenskra sveitarfélaga og góð tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga eru góðir vísar að samhentri stjórnsýslu.

Sóknaráætlanaverkefnið styður við aukið lýðræði, það kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggir á þekkingu þeirra sem málin varða hvað mest heima í héraði. Sóknaráætlanir landshluta er verkefni þar sem virðing fyrir lýðræðinu fær raunverulega og ánægjulega birtingarmynd. Þeir sem komið hafa að þróun þessa verkefnis eru flestir ánægðir með gang þess. Stuðningur ríkisstjórnarinnar við sóknaráætlanir er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar.

## VIÐAUKI 1 LANDSHLUTASKIPTING SÓKNARÁETLANA



## VIÐAUKI 2 MERKI SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURNESJA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
VESTURLANDS



**SÓKNARÁÆTLUN**  
VESTFJARÐA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS EYSTRA



**SÓKNARÁÆTLUN**  
AUSTURLANDS



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS